

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 6

5. árgangur

12.2.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/6/01	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1106 - Bayerische Vereinsbank/FGH Bank)	1
98/EES/6/02	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1108 - SBG/SBV)	2
98/EES/6/03	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1117 - Pinault/Guilbert)	2
98/EES/6/04	Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.999 - CLT-UFA/Havas Intermédiation)	3
98/EES/6/05	Tilkynning um samning (Mál nr. IV/36.409 - DBKom II)	4
98/EES/6/06	Tilkynning um samninga um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/E-2/36.831)	4

98/EES/24/07	Tilkynning um samninga (Mál nr. IV/E-2/36.832 - Energis)	5
98/EES/24/08	Tilkynning um samning (Mál nr. IV/36.858 - ACMA)	6
98/EES/24/09	Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.1027 - Deutsche Telekom/BetaResearch)	7
98/EES/24/10	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1069 - WorldCom/MCI)	7
98/EES/24/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1017 - Hanover Re/Skandia)	8
98/EES/24/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1042 - Eastman Kodak/Sun Chemical)	8
98/EES/24/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1057 - Terra/Ici)	9
98/EES/6/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 42/97 - Þýskaland	9
98/EES/6/15	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	10
98/EES/6/16	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr.17/62 um mál nr. IV/36.081/F3 - Bass	11
98/EES/6/17	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna á sviði póstþjónustu og um mat á tilteknum ríkisaðgerðum varðandi póstþjónustu	11
98/EES/6/18	Framtíðaráætlun fyrir stál fyrir fyrri hluta ársins 1998 og fyrir allt árið 1998	12
98/EES/6/19	Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega	13
98/EES/6/20	Skrá yfir útgefnar ákvarðanir og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar	15
98/EES/6/21	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 22.12.1997 til 9.1.1998	16
98/EES/6/22	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	17
3. Dómstóllinn		
98/EES/6/23	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	19
98/EES/6/24	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	21

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1106 - Bayerische Vereinsbank/FGH Bank)

98/EES/6/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem þýska fyrirtækið Bayerische Vereinsbank AG (Vereinsbank) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Dutch FGH Bank N.V. (FGH) með kaupum á 99,75% af útgefnum hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vereinsbank: bankastarfsemi,
 - FGH: bankastarfsemi í tengslum við fasteignaviðskipti.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 47, 12. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1106 - Bayerische Vereinsbank/FGH Bank, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1108 - SBG/SBV)****98/EES/6/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Schweizerische Bankgesellschaft (SBG) og Schweizerischer Bankverein (SBV) sameinast í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins fyrirtækinu UBS AG (UBS) við flutning á öllum eignum og skuldum til UBS.
2. Hlutaðeigandi fyrirtæki annast banka- og fjármálaþjónustu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 48, 13. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1108 - SBG/SBV, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1117 - Pinault/Guilbert)****98/EES/6/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem samstæðan Pinault-Printemps-Redoute (sem er undir stjórn Artémis) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfir samstæðunni Guilbert, með yfirtökubóði sem var auglýst 28. janúar 1998.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Pinault-Printemps-Redoute: smásöluverslun, fjármálaþjónusta og alþjóðleg viðskipti,
 - Guilbert: smásala á skrifstofuáhöldum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 48, 13. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1117 - Pinault/Guilbert, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.999 - CLT-UFA/Havas Intermédiation)**

98/EES/6/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið CLT-UFA, sem er undir yfirlitum fyrirtækjanna Bertelsmann og Audiofina, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins allsherjaryfirráð yfir Havas Intermédiation með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CLT-UFA: sjónvarps- og útvarpsstarfsemi,
 - Havas Intermédiation: sala á auglýsingartíma.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 39, 6. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.999 - CLT-UFA/Havas Intermédiation, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Mál nr. IV/M.827 - DBKom (Stjttíð. EB nr. C 168 frá 3.6.1997, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 27 frá 26.6.1997, bls. 2.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Tilkynning um samning
(Mál nr. IV/36.409 - DBKom II)****98/EES/6/05**

1. Framkvæmdastjórninni ákvað 23. október 1996 að hreyfa ekki andmælum vegna samruna fyrirtækjanna Mannesmann AG og Deutsche Bahn AG (DB) og lýsa hann samrýmanlegan hinum sameiginlega markaði⁽²⁾. DB og Mannesmann GmbH & Co. Beteiligungs-KG (MW) eiga hvort um sig 50,2 % og 49,8 % af hlutabréfum fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið sem komið var á fót (DBKom, sem nú heitir Mannesmann Arcor AG & Co), til að veita þjónustu á sviði fjarskipta. Mannesmann og Deutsche Bank AG eiga hvort um sig 90 % og 10 % í MW.

Framkvæmdastjórninni barst 20. febrúar 1997 og 5. júní 1997 tilkynning um nokkra samninga í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽³⁾. Samkvæmt þessum samningum skuldbinda Unisource Telecom GmbH (dótturfyrirtæki Unisource NV, sem aftur er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni milli PTT Telecom BV, Swiss Telecom PTT og Telia AB), AT&T Pan-European Services Inc. (dótturfyrirtæki AT&T Corporation) og AirTouch (Europe) Dienstleistungs- und Beteiligungs-BV und Co. KG (dótturfyrirtæki AirTouch Communications Inc.) sig til að kaupa hvert fyrir sig 15 %, 15 % og 4,5 % eignarhluta í MW af Mannesmann. Nýju hluthafarnir í MW og tilsvaramandi móðurfyrirtæki skuldbinda sig til að keppa ekki við DBK á ákveðnum rekstrarsviðum í Þýskalandi. Viðkomandi eignir, samningar og starfsmenn Unisource í Þýskalandi flytjast yfir til DBKom. AT&T Unisource Communications Services (Deutschland) GmbH skal vera helsti birgir fyrir DBKom, og DBKom aðaldreifiaðili fyrir AT&T-Unisource Communications Services (Deutschland) GmbH.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samningana á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 21 degi eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 40, 7. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.409 - DBKom II), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/154
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Tilkynning um samninga um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni 98/EES/6/06
(Mál nr. IV/E-2/36.831)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. desember 1997 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um samninga milli Exxon Corporation (Exxon) og Union Carbide Corporation (UCC) og dótturfyrirtækja þeirra í Bandaríkjunum, Exxon Chemical Licensing Company og Union Carbide Subsidiary Company Incorporated. Samningarnir varða stofnsetningu fyrirtækis um sameiginlegt verkefni til að rannsaka, þróa, markaðssetja og veita leyfi fyrir vinnslu- og hvötunartækni í tengslum við framleiðslu á pólýetýlenresíni í gasfasa og grugglausnarvinnslu (fyrirtækið um sameiginlega verkefnið). Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið á að framleiða, markaðssetja og selja hvata úr málmlífrænum efnasamböndum sem eru notaðir til að framleiða pólýetýlenresín. Í framtíðinni mun það einnig bjóða háþróaða hvata. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið veitir leyfi fyrir

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

pólýtýlennvinnslutækni UCC-fyrirtækisins Unipol. Ennfremur rannsakar það og veitir leyfi fyrir tækni sem hefur að markmiði að styrkja rekstur og afköst starfandi pólýtýlenverksmiðja. Sameinað framlag fyrirtækjanna Exxon og UCC á sérfræðiþekkingu og tækni mun flýta fyrir þróun á vinnslu- og hvötunartækni sem framleiðendum á pólýtýlenresíni gefst kostur á að fá leyfi fyrir.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samningana á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 44, 10. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 299 24 64) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/E-2/36.831), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate E
Office 2/46
Avenue de Cortenberg 158
B-1049 Brussels

Tilkynning um samninga
(Mál nr. IV/E-2/36.832 - Energis)

98/EES/6/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. desember 1997 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um nokkra samninga um uppsetningu, leigu og viðhald á fjarskiptaneti fyrirtækisins Energis Communications Limited (Energis) í flutningskerfi The National Grid Company plc (NGC) fyrir raforku. NGC er dótturfyrirtæki The National Grid Group plc (NGG). Þar til það var skráð á kaupþingi í desember 1997, var Energis plc, móðurfyrirtæki Energis, einnig hluti af NGG-samsteypunni.

Energis hefur fengið einkarétt á að nota raforkuflutningskerfi NGC í fjarskiptaskyni til 31. desember 2007, og eftir þann tíma svo lengi sem NGG/NGC á eða fer með yfirráð yfir 30 % eða meira af atkvæðisrétti í Energis plc. Aðrir rekstraraðilar hafa þó áfram möguleika á nettengingu við Energis-netið og til að koma á fót fjarskiptabúnaði í turnum og aðveitustöðvum NGC.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samningana á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 21 degi eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 44, 10. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.832, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/154
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Tilkynning um samning
(Mál nr. IV/36.858 - ACMA)**

98/EES/6/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. desember 1997 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um samning milli Antel, Antelecom, AT&T, Batelca, Bord Telecom Eireann, BT, C.S. Global Link L.P., C.S. Global Mariner L.P., Cable & Wireless Marine, Cable & Wireless plc., Marconi, Cantv, Codetel, Deutsche Telekom, Embratel, Flag, FCR, France Telecom, GSCS, CI-Telecom, Sonatel, Mercury, Nitel, PTI, Sprint/PSI, Matelca, Tele Danmark A/S, TSTT, Telintar, Temasa, Telefónica, TLDI, TBI, Teleglobe, Telkom SA, Telmex og O.N.P.T.
2. Tilkynnti samningurinn, ACMA (Atlantic Cable Maintenance & Repair Agreement), felur í sér sæsímaviðgerða- og viðhaldsþjónustu við eigendur Atlantshafs-sæsímstrengja á Atlantshafssvæðinu og í karabíska hafinu (sem „viðhaldsyfirvöld” eru í forsvari fyrir). Þjónustan er veitt af skipaútgerðum sem annast viðgerðir og viðhald á sæstrengjum. Skipin eru gerð út af fyrirtækjunum Cable & Wireless Marine, FCR, C.S. Global Link L.P., C.S. Global Mariner L.P. og Temasa („skipaútgerðirnar”), sem flest eru í eigu einhverra fyrrnefndra samningsaðila, þ.e.a.s. viðhaldsyfirvalda. Skipaútgerðirnar láta í té ákveðinn fjölda skipa sem eru staðsett á mikilvægum stöðum í Atlantshafi og sem eru til reiðu allan sólarhringinn allt árið þannig að unnt er að gera við skemmdir sem kunna að verða á einhverjum strengjanna og viðhalda þeim. Tilkynntur samningur er gerður til þriggja ára frá 1. janúar 1998. Í tilkynningunni er vísað til annarra sambærilegra samninga, m.a. NSCMA (North Sea Cable Maintenance Agreement) og MECMA (Mediterranean Cable Maintenance Agreement), sem að hluta til eru gerðir af sömu aðilum og þeim sem eiga aðild að ACMA, sem og öðrum viðhaldsyfirvöldum og skipaútgerðum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynn hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi samninginn á framfæri við sig.
5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 37, 4. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.858 - ACMA, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/69
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

tölvupóstfang: Laurence.De-Wit@dg4.cec.be
Internet DG IV: <http://europa.eu.int/comm/dg04/dg4home.htm>

(¹) Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 12. 1962, bls. 204/62.

Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.1027 - Deutsche Telekom/BetaResearch)

98/EES/6/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 1. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 37, 4. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.1027 - Deutsche Telekom/BetaResearch, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1069 - WorldCom/MCI)

98/EES/6/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. 11. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin WorldCom, Inc. og MCI Communications Corporation renna saman í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 18. 12. 1997. Viðkomandi fyrirtæki lögðu 3. 2. 1998 fram tilskildar viðbótarupplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi samdægurs í skilningi 2. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 44, 10. 2. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1069 - WorldCom/MCI, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1017 - Hanover Re/Skandia)****98/EES/6/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 11. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1017. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1042 - Eastman Kodak/Sun Chemical)****98/EES/6/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 1. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1042. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórn. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1057 - Terra/Ici)****98/EES/6/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1057. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 42/97
Þýskaland****98/EES/6/14**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar þýska fylkisins Thüringen við fyrirtækið Everts Erfurt GmbH sem framleiðir gúmmí- og latexvörur (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 37 frá 4. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/6/15 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun í tengslum við nýsköpunarverkefni í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og til að efla tæknimiðlun til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, enda hefur hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, ríkisaðstoð nr. N 303/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að stuðla að framgangi endurnýjanlegrar orku, enda hefur hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, ríkisaðstoð nr. N 368/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð í kjölfar þess að 100 000 hl af vínanda voru teknir af markaðinum, ríkisaðstoð nr. N 533/B/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð til að draga úr CO₂-útblæstri með því að nota lífmassa í stað kola í orkuverinu EZH í Maasvlakte, ríkisaðstoð nr. N 599/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð í þágu rannsókna og þróunar á sviði líftækni, enda hefur hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, ríkisaðstoð nr. N 357/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun til að bæta efnahagslega uppbyggingu, ríkisaðstoð nr. N 508/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð til að stuðla að aukinni fjölbreytni í starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í spænska héraðinu Castilla-La Mancha innan ramma RETEX-frumkvæðisins, ríkisaðstoð nr. N 391/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á ýmsum dönskum lögum um orkuskatta sem miða að því draga úr CO₂- og SO₂-útblæstri, ríkisaðstoð nr. N 537/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að styðja við hefðbundnar túnfiskveiðar, ríkisaðstoð nr. N 570/96 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð vegna breytinga á úthafs fiskveiðum, ríkisaðstoð nr. N 757/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 25 frá 24.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun sem stuðlar að svæðisbundinni uppbyggingu, styrkja stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og efla umhverfisfjárfestingar, ríkisaðstoð nr. N 927/96 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 33 frá 31.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoð til að efla fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðum sem eiga rétt á byggðastyrk, ríkisaðstoð nr. N 521/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 33 frá 31.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoð til að efla fjárfestingar í ferðaþjónustu af hálfu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á svæðum sem eiga rétt á byggðastyrk, ríkisaðstoð nr. N 507/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 33 frá 31.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð í tengslum við vistfræðilega vatnsvirkjun með það m.a. í huga að bæta skolpmeðhöndlun og auka verndun grunnvatns, enda hefur hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, ríkisaðstoð nr. N 125/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 33 frá 31.1.1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til að efla rannsóknir og tækni á sviði almenningssflugs, ríkisaðstoð nr. N 201/97 (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 33 frá 31.1.1998).

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr.17/62 um 98/EES/6/16
mál nr. IV/36.081/F3 - Bass**

Fyrirtækin Bass Holdings Limited og Bass Lease Company Limited, bæði að öllu leyti dótturfyrirtæki Bass PLC („Bass“), tilkynntu 12. júní 1996, samkvæmt 4. gr. tilskipunar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um staðlaðan leigusamning fyrir fullbúna vínveitingarstaði með gild leyfi⁽²⁾ í Englandi og Wales, sem tekur til skyldu á bjórkaupum. Samningsaðilar hafa einnig tilkynnt ákveðna tengda samninga. Þann 8. september 1997 tilkynntu samningsaðilarnir um staðlaða leigusamninga fyrir Skotland. Samningsaðilarnir fóru fram á að mótmælum yrði ekki hreyft vegna samninganna eða staðfestingu á því að þeir féllu undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1984/83 eða undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans, með gildistöku frá þeim degi þegar samningarnir voru gerðir.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart þessum samningum með því að veita afturvirka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í fyrirnefndum Stjtið. EB nr. C 36 frá 3. 2. 1998, með tilvísun til máls nr. IV/36.081/F3 - Bass, við:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate F
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna 98/EES/6/17
á sviði pósthjónustu og um mat á tilteknum ríkisaðgerðum
varðandi pósthjónustu**

Framkvæmdastjórnin birti í Stjtið. EB nr. C 39, frá 6. 2. 1998 tilskipun um beitingu samkeppnisreglna á sviði pósthjónustu og um mat á tilteknum ríkisaðgerðum varðandi pósthjónustu

